

Febrúar 2016

Menningarmálanefnd Garðabæjar

Efni: Styrkumsókn

Hér með leita ég til Garðabæjar eftir styrk til útgáfu ljósmyndabókar sem tekin var í Garðabæ.

Tildrög bókarinnar er sú að fyrir nokkrum árum kynntist ég starfsmönnum verkstæðisins Nylonhúðun í Garðabæ, þeim Elíasi Guðmundssyni og Baldvini Þórarinssyni. Elías var eigandi verkstæðisins en Baldvin starfsmaður hans. Þeir voru einir eftir á þessum fyrrum mannmarga vinnustað.

Þarna hafði tíminn staðið í stað.

Ég fann strax þörf fyrir að fá fanga umhverfið og tíðarandann á mynd svo hægt væri að varðveita þessi verðmæti.

Í fyrstu fékk ég leyfi til að mynda verkstæðið en ekki mennina. Smám saman kynntumst við betur yfir kaffi og spjalli. Baldvini var ekkert illa við myndavélina en það tók mig margar vikur að fá að mynda Elías en þegar það leyfi fékkst fór verkefnið að taka á sig mynd.

Þessi bók er óður til handverksins og viðleitni til þess að gera skil tímamótum í lífi tveggja manna. Uppgjöri þeirra við sitt lífsviðurværi, uppgjöf fyrir nútímanum, nýrri tækni og sætta sig við að þeirra kunnátta er ekki lengur þörf.

Ég var tæp þrjú ár að taka myndirnar í bókina sem nú er á þeim stað að geta farið í prentun. Rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson hefur séð myndirnar og vill gjarnan fá að rita formála að bókinni. Bókaútgáfan Crimgea hefur fallist á að gefa bókina út en þeir sem til þekkja vita að sú útgáfa er ein sú besta sem um getur.

Ég lagði myndirnar fram í keppninni um Magnúsar Ólafssonar verðlaunin árið 2014 og vann verkefnið verðlaunin það árið.

Ég leita til Garðabæjar um styrk upp á 500.000 krónur en heildarkostnaður við útgáfu bókarinnar mun verða 3 miljónir.

Þegar bókin mun koma út verður haldin ljósmyndasýning á myndunum og vídeóverk um þá Elías og Baldvin verður sýnt samhliða á sýningunni.

Með kveðju og vinsemd
Bára Kristinsdóttir, ljósmyndari.